

**Ed.**

**174. Frumvarp til laga**

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal“ í B. 75 komi: nálægt Bakka, um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. B. 76 orðist svo:  
*Reykhólasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla, Stað og Laugaland, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
3. Á eftir B. 76 komi nýr liður:  
*Borgarvegur*: Af Vesturlandsvegi á Hríshólmelum um Hafrafell að Borg.
4. B. 77 orðist svo:  
*Gufudalsvegur*: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes, Djúpadal, Gufudal, Skálanes, Kollafjörð að Kletti.
5. Á eftir B. 77 komi nýr liður:  
*Djúpvegur*: Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi um Kollafjarðarheiði á Ögurveg í Ísafirði.
6. Í stað orðanna „að Litlanesi“ í B. 80 komi: um Litlanes og Hjarðarnes á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
7. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
  - a. *Tröllatunguvegur*: Af Strandavegi við Húsavík um Tröllatungu, yfir Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg í Geiradal.
  - b. *Trékyllisheiðarvegur*: Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékyllisheiði í Kúvíkur.
8. Í stað orðanna „með álmu frá Melum til Norðurfjarðar“ í B. 84 komi: með álmum frá Melum um Norðurfjörð að Munaðarnesi og Felli.

9. Á eftir B. 86 komi nýr liður:  
*Gilsstaðavegur*: Af Selstrandarvegi um Selárbrú að Gilsstöðum.
10. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
11. Á eftir B. 89 komi nýr liður:  
*Laugardalsvegur*: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg austan Laugardalsár.
12. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
  - a. *Reiðhjallavegur*: Af Bolungarvíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjalla-virkjun.
  - b. *Skálavíkurvegur*: Frá Bolungarvík um Skálavík ytri að Meira-Bakka.
13. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 komi: til Lokinhamra.
14. Á eftir B. 111 komi nýr liður:  
*Botnsvegur*: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.
15. Í stað orðanna „að Hvammseyri“ í B. 113 komi: um Hvammseyri að Suðureyri.
16. Við B. 115 bætist: með álmu frá Helgubúfu, neðan Aurbrekku um Móberg að Melanesi.
17. B. 116 orðist svo:  
*Örlygshafnarvegur*: Af Rauðasandsvegi austan Hvalskers, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
18. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Örlygshafnarveg við Geitagil.
19. Á eftir B. 117 komi nýr liður:  
*Siglunesvegur*: Af Barðastrandarvegi við Haukabergrsá um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Það mun almennt viðurkennt, að fátt hafi meiri áhrif á það, hversu eftirsóknarvert er að búa í sveitum þessa lands, en samgöngur byggðanna. Þar sem samgöngur hafa lengi verið í góðu lagi, er fátt um eyðingarðir. Hins vegar eru mörg sorgleg dæmi um það, hvernig óviðunandi samgöngur hafa lagt í eyði fjölmargar sæmi-legalar bújarðir og jafnvel hálf eða heil sveitarfélög.

Ekkert hérað er jafnilla sett með samgöngur á landi sem Vestfirðir. Að sjálf-sögðu verður ekki úr því bætt nema með stóru auknum fjárveitingum, en hins þarf einnig að gæta, að í tölu þjóðvega séu flestir þeir vegir, sem nauðsynlegt er að leggja vegna atvinnu fólks og framleiðslu.

Þar sem nú eru liðin 6 ár, síðan vegalögum var síðast breytt, má nærri geta, að þörf sé nú orðin á endurskoðun þessara mála og þó sérstaklega þar, sem ástandið er lakast, eins og raun ber vitni um Vestfirði, og þess vegna er frumvarp þetta flutt.